



## Akstur gegn rauðu ljósi – mat á tíðni og mögulegar úrbætur

*Daði Baldur Ottósson, Berglind Hallgrímsdóttir*

*Apríl 2019*

Rannsókn þessi er sú fyrsta á Íslandi sem rannsakar tíðni aksturs gegn rauðu ljósi með myndbandsgreiningu. Markmiðið með þessari rannsókn var að skoða aðferðir við að meta tíðni aksturs gegn rauðu ljósi, mæla tíðni aksturs gegn rauðu ljósi um stök gatnamót á anna tíma og greina mögulegar úrbætur. Notast var við myndgreiningartækni við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar. Myndbandsupptaka var notuð til að telja umferð um sérhvern umferðarstraum yfir heilan sólarhring og mæla tíðni aksturs gegn rauðu ljósi. Sjónrænt mat á akstri gegn rauðu ljósi var gert á tveimur umferðarstraumum um gatnamótin milli klukkan 16:00-19:00.

Niðurstöður sýna að samtals óku 11 ökumenn gegn rauðu ljósi (þ.e. yfir stöðvunarlínu eftir að rautt ljós kviknaði) og 58 sem voru á stöðvunarlínu þegar rautt ljós kviknaði yfir talningartímabilið frá 16:00-19:00.

- Þegar fjöldi tilvika er umreiknaður á sérhvern ljósafasa, þá má segja að um 0,09 ökumenn fari yfir á rauðu ljósi í hverjum ljósafasa og 0,5 ökumenn verið á stöðvunarlínu þegar rautt ljós kviknar (fyrir þessa tvo umferðarstrauma).
- Tíðni aksturs gegn rauðu ljósi mældist 24 ökutæki af hverjum 10.000 ökutækjum fyrir þá umferðarstrauma sem til skoðunar voru. Vinstri beygju straumar mældust með talsvert hærri tíðni í samanburði við beina strauma.

Rannsóknir sýna að helstu úrbætur til þess að draga úr tíðni aksturs gegn rauðu ljósi eru löggæslumyndavélar en einnig hefur breyting á gula tíma umferðarljósa og „niðurteljari“ borið árangur.